

LÍFFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLANS
FJÖLRIT NR. 47

RANNSÓKNIR Á LÍFRÍKI Í
KOLGRAFAFIRÐI
Fuglar, fjörur og sjávarbotn

Agnar Ingólfsson

Reykjavík 1999

Efnisyfirlit

	bls.
1. Inngangur	1
2. Framkvæmd	1
2.1. Talningar á fuglum í fjöru og á sjó	1
2.2. Athuganir á varpfuglum á hugsanlegum veglínum	2
2.3. Athuganir á fjörum	3
2.3. Athuganir á botni	4
3. Niðurstöður	5
3.1. Fuglar í fjöru og á sjó	5
3.2. Varpfuglar á veglínum	10
3.2.1. Leið 1	10
3.2.2. Leið 2	11
3.2.3. Leið 3	11
3.3. Fjörur	11
3.3.1. Þangfjörur	11
3.3.2. Snauðar malarfjörur	12
3.3.3. Grófar leirur	12
3.3.4. Kræklingsleirur	13
3.4. Botn neðan fjöru	13
3.4.1. Botngreiparsýni	13
3.4.2. Sleðasýni	15
4. Ályktanir	16
4.1. Fuglalíf	16
4.2. Fjörur	18
4.3. Sjávarbotn	19
5. Lokaorð	21
6. Þakkir	21
7. Heimildir	22
8. Myndir	24
9. Töflur	33
10. Viðaukar	52

1. Inngangur

Vistfræðistofa Líffræðistofnunar Háskólangs tók að sér skv. verksamningi við Vegagerðina dags. 18. mars 1999 að kanna helstu þætti lífríkis fjöru og sjávarbotns og að kanna fuglalíf fjarðarins, einkum æðarvarp og nýtingu umferðafarfugla á fjörum. Í framhaldi skyldi svo reynt að meta þau áhrif sem þverun fjarðarins hefur, annars vegar með langri brú (full vatnsskipti) og hins vegar með stuttri brú (skert vatnsskipti), af Kolgrafaodda yfir á Hjarðarbólsodda. Ennfremur yrði reynt að meta þau áhrif sem vegarlagning yfir leirur í innsta hluta fjarðarins kynni að hafa á lífríkið.

Skv. samkomulagi við Vegagerðina frá 10. júní 1999 tók Vistfræðistofa Líffræðistofnunar ennfremur að sér að kanna varpfugla á hugsanlegum veglínnum á landi, þar sem veglínur kynni að víkja frá núverandi vegi um Kolgrafafjörð.

2. Framkvæmd

2.1. Talningar á fuglum í fjöru og á sjó

Allar talningar fóru fram af vegi og var notaður 10x50 sjónauki og 20x fjarsjá (teleskóp) fest á bíglugga. Svæðinu frá Hálsvaðli að Hraunsfirði var skipt í 14 svæði auðkennd með bókstöfunum A – N (1. mynd). Af þeim voru svæði A – F vestan Kolgrafafjarðar, en L – N austan hans. Svæði G – K voru í Kolgrafafirði sjálfum. Talningar af vegi voru tiltölulega auðveldar víðast hvar, þótt gera megi ráð fyrir að eitthvað af smáum fuglum hafi ekki sést, en vart hefur verið um fjölda að ræða sem skiptir máli. Þó reyndist alls ekki unnt að telja smáa fugla á talningasvæðum E og F, og voru þeir reitir einvörðungu notaðir við talningar á margæs. Í upphafi var einnig reynt að telja fugla austan Bjarnarhafnar allt inn í botn Hofstaðavogs, en eftir nokkrar tilraunir var afráðið að hækta talningum á þeim svæðum vegna þess hversu erfitt var að telja af vegi þar. Í nokkrum talningarlotum var talið tvívegis, annars vegar nálægt háfjöru og hins vegar nálægt háflóði, en hver talning tók um 4-5 stundir og hófst 2-3 stundum fyrir háfjöru eða háflóð. Í flóðtalningum var aðallega hugað að margæs.

Hinn 9. júlí voru eingöngu æðarfuglar taldir, en þá svo og í talningu 21. júní var æðarfuglum skipt í 3 flokka: bлика, kollur án unga og kollur með unga. Veður til talninga var allgott í flest skipti, en 21.

júní var óþægilega hvasst af suðri, og 9. september var norðaustan hvassviðri, sem torveldaði talningar nokkuð.

Eftirfarandi fuglum var sleppt í talningum en nærveru þeirra getið: fýl, lunda, dílaskarfi, kríu. Ekki voru taldir máfar í Grundarfjarðarhöfn.

Talningar fóru fram sem hér segir:

- 20. apríl 1999. Fjöratalning
- 21. apríl 1999. Flóðtalning
- 1. maí 1999. Fjöratalning
- 2. maí 1999. Flóðtalning
- 11. maí 1999. Fjöratalning
- 15. maí 1999. Flóðtalning
- 19. maí 1999. Fjöratalning
- 30. maí 1999. Fjöratalning
- 21. júní 1999. Fjöratalning
- 9. júlí 1999. Æðartalning
- 9. september 1999. Fjöratalning

Fuglatalingar voru að mestu í höndum Agnars Ingólfssonar, en Magnea Karlsdóttir, Linda Wendel og Jón Baldur Sigurðsson aðstoðuðu við þær.

2.2. Athuganir á varpfuglum á hugsanlegum veglinum

Veglínur voru gengnar fram og aftur á sama degi við annan mann. Reynt var að binda athuganir við um 100 m breitt belti og voru fuglar skráðir sér fyrir hvern 200 m kafla veglínus. Til staðsetningar á veglínum var stuðst við loftmyndir, og einnig var stuðningur hafður af GPS mælingum (óleiðréttum). Ekki var leitað hreiðra, en skráðir fuglar, sem virtust vera á varpslóð og með óðul á hugsanlegum veglínum. Ekki er þó

vist að allir slíkir fuglar hafi orpið á svæðunum, þótt svo sé líklegt í langflestum tilvikum. Á hinn bóginn eru sumar fuglategundir, t.d. endur, mjög lítið áberandi á varpstað um varptímann, og er líklegt að eitthvað af slíkum fuglum hafi ekki komið fram við athuganirnar. Veður til fuglaathugana var gott þegar þær fóru fram.

Athuganir fóru fram sem hér segir:

14. júní 1999. Leið 1: 5700 – 9000 m
15. júní 1999. Leið 1: 1800 – 3900 m. Leið 2: 6800 – 7200m . Leið 3: 7200 – 8500 og 10000 – 10900 m.

Agnar Ingólfsson og Linda Wendel unnu við þessar fuglaathuganir.

2.3. Athuganir á fjörum

Fjörur innan Berserkseyrarodda og Hjarðarbólsodda voru gengnar dagana 14., 15. 16. og 17. maí 1999, en þá daga var stórstreymt. Fjöruathuganir hófust um tveimur stundum fyrir háfjöru hverju sinni, og þeim lauk um tveimur stundum eftir háfjöru. Á göngu var helstu fjörugerðum gróflega lýst, og settar niður stöðvar til mælinga og sýnatöku með nokkuð reglulegu millibili. Staðsetning stöðva var mæld með GPS-tæki (óleiðréttu) og eru staðsetningar sýndar í Viðauka A. Flestar stöðvar voru tekna í neðri helming fjörunnar, en all urðu stöðvar 43 (2. mynd). Á hveri stöð var eftirfarandi gert:

- (1) Metin var hlutfallsleg (%) þekja þörunga og kyrrsætinna dýra á 1 x 1 m reit. Þekja var metin eftir auganu að næsta prósentutug. Þekja < 5 % var táknuð sem x.
- (2) Þörungar voru skornir af 20 x 20 cm reit úr miðjum þekjumælingareit og dýr sem eftir urðu síðan tind upp. Þörungar og dýr úr 20 x 20 cm reitum voru geymsluð í hlutleystri formalínblöndu. Í reitum á leirum var beðurinn grafinn upp úr reitnum niður á 10 cm dýpi og sigtaður í sigti með 1 mm möskva.

Í vinnustofu voru sýni af 20 x 20 cm reitum hreinsuð í 1 mm sigti, og dýr síðan talin og greind undir víðsjá. Aðeins vannst tími til þess að greina 23 sýni af þeim 43 sem tekin höfðu verið (sbr. 2. mynd). Sýni til úrvinnslu voru valin með hliðsjón af því að þau væru sem víðast úr firðinum og af helstu búsvæðum sem þar er að finna.

Við fjöruathuganir á vettvangi unnu Agnar Ingólfsson, Magnea Karlsdóttir og Haraldur Ingvarsson, en úrvinnsla sýna var að mestu í höndum Magneu.

2.4. Athuganir á botni

Sýnataka af botni fór fram dagana 1. – 2. júní 1999. Við sýnatöku var notaður Narwal gúmmibátur með 25 hestafla Mercury utanborðsmótor. Stöðvar til sýnatöku lágu á 500 m hnitakerfi og voru alls 36 (3. mynd). Stöðvar voru staðsettar á vettvangi með GPS-tæki (óleiðréttu) (Viðauki A). Á hverri stöð var reynt að taka eitt sýni með Ekman greip, sem tekur sýni af 15 x 15 cm svæði. Á bandi greiparinnar var kvarði, sem botndýpi var lesið af að næsta metra. Ekki tókst að ná sýni af öllum stöðvum vegna botngerðar (greip lokaðist ekki vegna grjóts, eða lokaðist án þess að ná nokkru af botni), en aðeins var gerð ein tilraun á hverri stöð. Á eftirfarandi 6 stöðvum náðist ekki sýni: A10, B3, C1, C3, C6 og F3. Það sem kom í greip var sigtað í 0. 5 mm sigti, og það sem eftir sat í sigti geymslað í hlutleystu formalíni. Af 10 stöðvum þar sem dýpi var lítið (<10 m) var að auki tekið sýni með botnsleða (3. mynd, Viðauki A). Notaður var sleði af Agassiz gerð og var opið 50 cm breitt og 30 cm hátt, en möskvi í neti 1 mm (lýsing á sleðanum er í Agnar Ingólfsson 1996a). Sleðinn var togaður í eina mínuðu á botni, og var vélin látin ganga eins hægt og unnt var. Það sem kom í sleðann var geymslað í hlutleystu formalíni.

Í vinnustofu voru dýr talin og greind eins og unnt var undir víðsjá.

Botngreiparsýni hafa verið flokkuð með svokallaðri TWINSPLAN-greiningu (Hill 1979) á grundvelli einstaklingsfjölda dýrategunda. Er fjöldatölum þá fyrst log-umbreytt og síðan skipað í flokka. Hér hefur verið notast við 5 flokka sem hér segir:

$$\text{Flokkur 1: } \log(1+\text{fjöldi})/225 \text{ cm}^2 < 0,5$$

Flokkur 2: $\log(1+\text{fjöldi})/225 \text{ cm}^2$ 0,5 – 0,9

Flokkur 3: $\log(1+\text{fjöldi})/225 \text{ cm}^2$ 1,0 – 1,4

Flokkur 4: $\log(1+\text{fjöldi})/225 \text{ cm}^2$ 1,5 – 1,9

Flokkur 5: $\log(1+\text{fjöldi})/225 \text{ cm}^2 =/ > 2,0$

TWINSPAN flokkar fyrst sýnin eftir skyldleika, en síðan tegundir á grundvelli flokkunar sýna. Fæst þannig tafla þar sem stöðvum er raðað eftir skyldleika frá hægri til vinstri, en tegundum eftir búsvæðum (magni í sýnum) niður. TWINSPAN skiptir öllum sýnum í two hópa þannig að hver hópur sé sem greinilegast afmarkaður frá hinum á grundvelli tegundarsamsetningar (og oftast er fjöldi sýna í þessum hópum ekki jafn). TWINSPAN getur svo skipt hverjum hópi fyrir sig í two undirhópa og þannig áfram ef þurfa þykir, ef sýnin eru þá nægilega mörg og breytileiki þeirra nægilegur.

Svokölluð Detrended correspondence analysis (DECORANA) hefur verið notuð við röðun sýna af botni eftir skyldleika í tegundasamsetningu. Leitast er fyrst við að raða sýnum á einn ás þannig að ólíkustu sýnin séu til endanna, en lík sýni í næsta nágrenni hvort við annað. Aðeins hluti breytileikans í sýnum skilar sér á þennan hátt.

Afgangur breytileikans er síðan tekinn og sýnum raðað á 2. ás á grundvelli hans. Þessu má svo halda áfram með því að bæta við ásum, en hér er látið duga að nota þrjá ása, enda reyndust viðbótarásar bæta litlu við útskýrðan heildarbreytileika. Þessi greining var gerð með forritinu CANACO (ter Braak 1987).

Við sýnatoku af botni unnu Agnar Ingólfsson, Magnea Karlsdóttir og Haraldur Ingvarsson, en úrvinnsla sýna var að mestu í höndum Magneu.

3. Niðurstöður

3.1. Fuglar í fjöru og á sjó.

Hér fer á eftir skrá yfir þær tegundir fugla sem sáust í fjöru, á sjó og við ísaltar tjarnir í Kolgrafafirði, ásamt helstu niðurstöðum talninga. Látið er nægja að segja lauslega frá athugunum í Kolgrafafirði eingöngu fyrir flestar fuglategundir, en fyrir eftirfarandi

tegundir, sem voru algengar í Kolgrafafirði, er gerð ítarlegri grein með samanburði milli Kolgrafafjarðar og nærliggjandi svæði: margæs, æðarfugl, tjald, heiðlóu, stelk, rauðbrysting, sendling og hvítmáf.

Fýll (*Fulmarus glacialis*)

Slæðingur sást á flugi yfir Kolgrafafirði flesta talningardaga.

Dílaskarfur (*Phalacrocorax carbo*)

Örfair fuglar sáust á Kolgrafafirði flesta talningardaga.

Álft (*Cygnus cygnus*)

Par sást í Kolgrafafirði hinn 20. apríl, á svæði K.

Grágæs (*Anser anser*)

Eitt par sást á svæði G hinn 20. apríl, en auk þess sáust grágæsir oft á túnum við bæinn Kolgráfir.

Margæs (*Branta bernicla*)

Margæsir voru þegar algengar á talningarsvæðunum frá Hálsvaðli að Hraunsfirði í fyrstu talningum, 20. – 21. apríl. Flestar urðu þær í talningu 1. maí (miðað við talningar í fjöru), um 2350, en fór fækkandi úr því, og fáar voru eftir á svæðinu 30. maí, en engar sáust 21. júní, 9. júlí eða 9. september (tafla 1). Fuglarnir virtust ekki mjög staðbundnir, og urðu miklar breytingar á dreifingu þeirra á talningartímabilinu. Hlutfall fugla á talningarsvæðum, sem sást innan veglínus milli Kolgrafaodda og Hjarðarbólsodda, sveiflaðist mikið, eða frá 19 – 47%, og í Kolgrafafirði sjálfum urðu einnig miklar breytingar á dreifingu á milli talningardaga. Flestar sáust margæsir í Kolgrafafirði hinn 20. apríl, eða 582, en 19. maí voru taldar þar 524 gæsir. Margæsir sem sáust þegar lágsjávað var voru jafnan á beit neðarlega í fjöru, oft á sundi í fjöruborðinu. Þær virtust sækja sérstaklega í svæði þar sem grænþörungurinn *Enteromorpha cf. intestinalis* var í breiðum. Aðeins fáar sáust á sjávarfitjum, en 11. maí sást hópur, um 130 gæsir, á beit á túni á svæði H í Kolgrafafirði.

Við talningu margæsa á flóði komu í ljós verulegar breytingar milli talninga (tafla 1).

Í talningu 21. apríl voru nær allar margæsir í hvíld á sjó, og sáust þær aldrei fleiri í

Kolgrafafirði en þá, eða 780. Engin margæs sást á beit. Hinn 2. maí voru flestar margæsir í hvíld í fjörunni þegar talið var, nokkrar á sjó, en nær engar á beit. Loks hinn 15. maí voru svo langflestar margæsir á beit. Af 1690 gæsum á talningarsvæðunum voru 1135, eða 67%, á beit á túnum, en 404, eða 24%, á beit á sjávarfitjum. Flestar gæsanna, sem voru á beit á sjávarfitjum, voru í Hópi, eða 240, en af gæsum á túnum voru 385 í Kolgrafafirði.

Stokkönd (*Anas platyrhynchos*)

Stokkendur sáust flesta talningardaga í Kolgrafafirði, einkum á svæði G. Þær sáust flestar 1. maí eða 26, 20. apríl voru þær 20, en færri aðra daga.

Rauðhöfðaönd (*Anas penelope*)

Eitt par sást á svæði G hinn 20. apríl.

Duggönd (*Aythia marila*)

Nokkrar duggendur sáust á Kolgrafafirði, einkum á tjörnum á svæði G og J, flestar sásut þær 8, hinn 1. maí.

Skúfönd (*Aythia fuligula*)

Fimm skúfendur sáust í Kolgrafafirði 21. júní, á svæði J.

Hávella (*Clangula hyemalis*)

Nokkrar hávellur sáust í Kolgrafafirði 20. apríl, 1. maí og 11. maí, flestar 22 hinn 1. maí.

Æðarfugl (*Somateria mollissima*)

Æðarfugl verpur í Kolgrafafirði nær eingöngu á svæðum J (utan við Kolgrafir), K og L að sögn heimamanna, og er það í samræmi við athuganir á vettvangi nú. Gunnar Ingvarsson, Kolgröfum, segir dúntekju á jörðinni að jafnaði vera 7-8 kg, en hafi farið upp í 12 kg. Hreinn Bjarnason, Berserkseyri, segir dúntekju í sínu landi vera oftast um 9 – 10 kg. Sé miðað við að 17 g af hreinsuðum dún komi að jafnaði úr hreiðri (Finnur Guðmundsson 1941) gæti fjöldi hreiðra á svæðinu verið um 1000 (17000/17).

Æðarfuglar voru algengir á flestum talningarsvæðum alla talningardaga. Hlutfall fugla í Kolgrafafirði af heildarfjölda sveiflaðist talsvert, frá 10 – 60% (tafla 2). Hæst varð hlutfallið 30. maí, og þá töldust um 900 fuglar í Kolgrafafirði, mest blikar. Einna mest var að jafnaði af æðarfugli í Kolgrafafirði á svæðum G, H og I. Kollur með unga voru taldar sérstaklega 21. júní og 9. júlí. Fyrri daginn voru kollur með unga ekki margar í Kolgrafafirði fremur en annars staðar, en seinni daginn hafði ungamæðrum fjölgað mjög, og var hátt hlutfall af ungamæðrum á talningarsvæðum öllum í Kolgrafafirði eða 57% (tafla 2). Ungamæður dreifðust nokkuð með löndum um allan fjörð.

Toppönd (*Mergus serrator*)

Toppendur sáust alla talningardaga í Kolgrafafirði, einkum á svæðum G og J. Flestar voru þær 1. maí eða 20, 11. maí voru þær 18, en færri aðra daga.

Tjaldur (*Haematopus ostralegus*)

Tjaldar voru algengir í fjörum alla talningardaga, en þó langflestir 9. september. Hlutfall tjalda í Kolgrafafirði af heildarfjölda á talningarsvæðum var breytilegt, hæst um 50% 20. apríl, en lægst 16%, hinn 9. september. Langflestir tjaldar í Kolgrafafirði sáust á leirunni í botni fjarðarins, svæði I (tafla 3).

Tildra (*Arenaria interpres*)

Nokkur dreif af tildrum sást á mörgum talningasrvæðum frá 1. maí til 30. maí, langflestir 19. maí (tafla 3). Hlutfall tildra í Kolgrafafirði af heildarfjölda á talningarsvæðum var jafnan hátt, 40 – 70%. Hinn 19. maí sáust 189 tildrur í Kolgrafafirði, flestar á svæðum G og H.

Sandlöa (*Charadrius hiaticula*)

Nokkrar sandlóur sáust í Kolgrafafirði 1. maí, 11. maí og 19. maí á svæðum G, H og I, flestar 17 hinn 19. maí.

Heiðlöa (*Pluvialis apricaria*)

Heiðlour voru fáséðar í Kolgrafafirði um vorið og sumarið, en 9. september sáust þar nokkrir hópar, fremur smáir, á svæðum G og I (tafla 4).

Stelkur (*Tringa totanus*)

Stelkar voru nokkuð algengir á flestum talningarsvæðum alla talningardaga að 21. júní undanskildum (tafla 4). Hlutfall stelka á talningarsvæðum, sem sást í Kolgrafafirði, var 30 – 50%, nema 9. september, þegar stórir hópar sáust utan fjarðarins. Í Kolgrafafirði voru stelkar algengastir á svæðum G, H og I.

Rauðbrystingur (*Calidris canutus*)

Rauðbrystinga varð vart í talningum 1. maí, voru orðnir algengir á talningasrvæðunum 11. maí, en hámarksfjöldi kom fram í talningu 19. maí (tafla 5). Hátt hlutfall rauðbrystinga á talningarsvæðum sást í Kolgrafafirði, 35 - 70% frá og með 11. maí. Hámarksfjöldi, sem sást í Kolgrafafirði var 1525 fuglar, hinn 19. maí. Í Kolgrafafirði voru rauðbrystingar algengastir á svæði H (einkum við ósa Hrafnár) og í botni fjarðarins, svæði I.

Sendlingur (*Calidris maritima*)

Sendlingar voru algengir í talningum 20. apríl og 1. maí, en fáir sáust eftir það um sumarið, en aftur voru þeir orðnir margir 9. september (tafla 5). Hátt hlutfall sendlinga á talningarsvæðum kom fram í Kolgrafafirði í fyrstu talningu, 20. apríl, og sáust þá alls 650 fuglar þar, en hlutfallið var mun lægra í næstu talningu. Aðeins örfáir sendlingar sáust í Kolgrafafirði 9. september. Sendlingar í Kolgrafafirði héldu sig á svipuðum slóðum og rauðbrystingar, einkum á svæðum H og I.

Lóuþræll (*Calidris alpina*)

Lóuþrælar sáust í Kolgrafafirði 11. maí og 30. maí, flestir fyrri daginn eða 4.

Óðinshani (*Phalaropus lobatus*)

Þrí fuglar sáust í Kolgrafafirði 30. maí, á svæði K.

Svartbakur (*Larus marinus*)

Örfáir fuglar sáust á svæðum G, H og I í Kolgrafafirði.

Hvítmáfur (*Larus hyperboreus*)

Talsvert var af hvítmáfum á talningasrvæðum flesta talningardaga (tafla 6). Hlutfall hvítmáfa af heildarfjölda á talningarsvæðum (hvítmáfum í Grundarfjarðarhöfn slepp

hér) var að jafnaði á bilinu 20-35%. Hvítmáfar dreifðust nokkuð um fjörur Kolgrafaþjarðar, en einna minnst var af þeim á svæði K.

Hettumáfur (*Larus ridibundus*)

Nokkrir hettumáfar sáust í Kolgrafaþirði flesta talningardaga, flestir 15 hinn 9. september.

Kría (*Sterna paradisaea*)

Dálítíl dreif af kríu sást í Kolgrafaþirði alla talningardaga, nema 9. september, en þá sáut þær engar.

Teista (*Cephus grylle*)

Tveir fuglar sáust í Kolgrafaþirði 11. maí, á svæði J.

Lundi (*Fratercula arctica*)

Lundar sáust af og til á sjónum á Kolgrafaþirði, fáir fuglar.

3.2. Varpfuglar á veglínum

Fuglar á veglínum voru tvítaldir, þar sem hver leið var gengin fram og aftur. Jafnan var mjög gott samræmi á milli talna, en hér á eftir er byggt á hærri tölunni, sem fékkst fyrir hverja tegund á hverri leið, ef um mun var að ræða. Leið 1 var skoðuð í tvennu lagi, kaflinn frá Berserkseyri að Kolgrafaodda sér og kaflinn frá Hjarðarbólssodda að Vindási sér.

3.2.1. Leið 1

Fuglalíf er tölvert á veglínunni (tafla 7). Varð alls vart við 18 tegundir, sem sennilega áttu varpsvæði á veglínu. Útbreiddstu varpfuglar eru þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), stelkur (*Tringa totanus*) og hrossagaukur (*Gallinago gallinago*). Lítið kríuvarp (*Sterna paradisaea*) er á veglínu á Hjarðarbólssodda, og þar er einnig nokkuð æðarvarp (*Somateria mollissima*). Að öðru leyti var ekki annað að sjá en að veglína

leiðar 1 sneiddi að miklu leyti hjá æðarvarpi, þótt æðarhreiður væri ekki langt undan þar sem veglínan liggur út í Hóp. Aðrar nokkuð algengar tegundir voru heiðlöa (*Pluvialis apricarius*), lóuþræll (*Calidris alpina*) og spói (*Numenius phaeopus*), en fuglar, sem minna var af voru rjúpa (*Lagopus mutus*), grágæs (*Anser anser*), stokkönd (*Anas platyrhynchos*), skúfönd (*Aythia fuligula*), tjaldur (*Haematopus ostralegus*), sandlóa (*Charadrius hiaticula*), hettumáfur (*Larus ridibundus*), kjói (*Stercorarius parasiticus*), maríuerla (*Motacilla alba*) og snjótittlingur (*Plectrophenax nivalis*).

3.2.2. Leið 2

Á þessari stuttu veglínu varð aðeins vart við 3 tegundir, heiðlóu, sandlóu og lóuþræll (tafla 8)

3.2.3. Leið 3

Á þessari veglínu, sem að hluta liggur eins og leið 2 var sandlóa algengasti fuglinn, en einnig nokkuð af heiðlóu og þúfutittlingi (tafla 8). Aðrir fuglar, sem minna var af voru tjaldur, stelkur, lóuþræll og sendlingur (*Calidris maritima*).

3.3. Fjörur

Fjörur í Kolgrafafirði innan Kolgrafaodda og Hjarðarbólssodda eru af nokkrum gerðum og eru þessar helstar:

3.3.1. Pangfjörur

Þetta er langútbreiddasta fjörugerðin. Fjörubeðurinn er víðast nokkuð smágrýttur, einkum við fjörðinn austanverðan, og halli á fjörunni fremur lítill og jafn. Klóþang (*Ascophyllum nodosum*) og bólþang (*Fucus vesiculosus*) eru ríkjandi þangtegundir, einkum hin fyrnefnda, sem oft var með þangskegg (*Polysiphonia lanosa*) sem ásætu, en í neðri hluta fjörunnar er skúfaþang (*Fucus distichus*) einnig oft áberandi (tafla 9). Þekja þangsins er þó oft ekki samfelld, og er talsvert af malarflákum hér og þar, þar sem þangþekja er lítil. Er þetta meira áberandi við fjörðinn austanverðan (nema yst),

en fjörubeðurinn að vestanverðu svo og yst að austanverðu er víða nokkru stórgerðari, og þangþekja þar meiri. Víða sprettur og bleyta fram í fjörunum, og er á slíkum stöðum jafnan mjög mikið af grænum þörungum, einkum *Enteromorpha cf. intestinalis*, einkum í neðri helming fjörunnar, en þá jafnan lítið þang (tafla 9). Brúnt slý, sem ekki var greint frekar til tegunda, var víða nokkuð áberandi, sem og söl (*Palmaria palmata*). Undir þangi er víða talsvert af kalkskán (Corallinaceae) og rauðu skáninni *Hildenbrandia rubra*. Hrúðurkarlar (*Semibalanus balanoides*) eru sums staðar áberandi á slíkum stöðum einnig svo og ofarlega í fjöru á svæðum þar sem fjörubeðurinn er þokkalega stórgerður, en í það heila er hrúðurkarl í fjörum þarna fremur strjáll. Það má einnig segja um krækling (*Mytilus edulis*) (ungviði er undanskilið hér), þótt á stöku stað myndi hann dálitla flekki. Svampurinn *Halichondria panicea* sást víða, jafnvel tiltölulega ofarlega í fjörunni (tafla 9).

Smádýralíf er talsvert í þessum fjörum (tafla 10). Víða er mikið af kræklingsungviði, og mæruskel (*Cyamium minutum*) er oft einnig algeng. Þangdoppa (*Littorina obtusata*), baugasnotra (*Onoba aculeus*) og mærudoppa (*Skeneopsis planorbis*) eru ríkjandi sæsniglar. Töluvert er sums staðar af mottumaðki (*Fabricia sabella*), og lirfur og púpur rykmýs (*Cricotopus variabilis*) voru sums staðar algengar, einkum um miðbik fjörunnar. Margar aðrar tegundir og hópar fundust í minna mæli (tafla 10).

3.3.2. Snauðar malarfjörur

Þanglausar malarfjörur eru samfelldar á innanverðum Hjarðarbólsodda svo og á grandanum, sem skilur Stapatjörn frá sjó. Engar stöðvar voru teknar á þessum skikum, enda þess ekki vænst að dýralíf að ráði, nema þá örsmá dýr (meiófánutegundir), væri þar að finna.

3.3.3. Grófar leirur

Gróflar leirur úr sandi og möl með dreif stærri steina eru framundan Eiðisvatni (flatarmál gróflega áætlað um $0,35 \text{ km}^2$) og við ósa Hrafnár (um $0,12 \text{ km}^2$) við fjörðinn vestanverðan, og í Höpi yst við fjörðinn austanverðan (um $0,35 \text{ km}^2$). Þær eru fremur líflitlar að sjá. Grænþörungurinn *Enteromorpha cf. intestinalis* er þó sums staðar í miklu magni, og “brúnt slý” getur verið töluvert (tafla 11). Talsvert þang

(*Fucus ceranoides*, *F. vesiculosus* og *F. distichus*) getur verið á steinum. Dreif er af sandmaðki (*Arenicola marina*) og kræklingi sums staðar og ummerki eftir sandskeljar (*Mya arenaria*) sjást einnig hér og þar. Í smádýralífinu finnast ýmsir ormar í nokkru magni, einkum mottumaðkur og lónaþreifill (*Pygospio elegans*), svo og ánar (Oligochaeta) og þráðormar (Nematoda) (tafla 12). Stundum er mikið af lirfum og púpum rykmýs. Kræklingsungviði og mæruskel, svo og mærudoppa og baugasnotra eru sums staðar í magni.

3.3.4. Kræklingsleirur

Fyrir botni fjarðarins, í Hlöðuvogi, eru allvíðáttumiklar leirur með sandblandinni leðju. Gróflega áætlað er flatarmál leirunnar, sem upp úr kemur um fjöru, um 0,62 km². Kræklingur (*Mytilus edulis*) er víða mjög áberandi á þessari leiru, þótt blettóttur sé (tafla 11). Sandmaðkur er fremur strjáll og sandskel kemur fyrir á blettum.

Grænbörungar (*Enteromorpha cf. intestinalis*) eru nokkuð áberandi víða, svo og “brúnt slý”. Ýmsir burstaormar eru algengir, einkum mottumaðkur og lónaþreifill, en einnig má nefna tegundirnar *Scalibregma inflatum*, og af öðrum möökum ánann *Tubeficoides benedii* og þráðorma (tafla 12). Lirfur og púpur rykmýs voru algengar, svo og sæsniglarnir baugasnotra og mærudoppa ásamt kræklingsungviði.

3.4. Botn neðan fjöru

Gróflega áætlað er um helmingur botnsins í Kolgrafafirði á meira en 10 m dýpi og um fjórðungur á meira en 20 m dýpi. Nokkurt svæði á firðinum utanverðum er á meira en 30 m dýpi, en mesta mælda dýpi var þar 37,5 m, miðað við 0-punkt Sjómælinga.

Með löndum á grunnu vatni er greinilega víða mikið af þara og er beltisþari (*Laminaria saccharina*) ríkjandi. Þari kom í greiparsýni niður á 6,5 m dýpi, en náðist á stjóra bátsins tvívegis á meira dýpi, 9,5 m (E4) og 17,5 m (D3).

3.4.1. Botngreiparsýni

Greiparsýni náðust á 30 af 36 botnstöðvum. Á eftirfarandi stöðvum náðist ekki sýni vegna botngerðar: A10, B3, C1, C3, C6 og F3. Tegundasamsetning greiparsýna er sýnd í Viðauka B.

Við tvítekna TWINSPAN flokkun myndast 4 mjög misstórir hópa sýna, nefndir hópar I – IV, eins og sýnt er á 5. mynd. Í töflu 13 má sjá megindrætti í tegundasamsetningu þessara hópa. Tveir hópanna, II og III eru stærstir. TWINSPAN skiptir þeim í tvennt, annars vegar í IIa og IIb og hins vegar í IIIa og IIIb, eins og sýnt er á 5. mynd. Í hópi IV er aðeins eitt sýni. Við DECORANA greiningu á greiparsýnum skýrir 1. ás einungis 11% af breytileika sýna, 2. ás 8% til viðbótar og 3. ás síðan 7% til viðbótar. Samtals skýra 3 fyrstu ásar því 26% af breytileika sýnanna. Í DECORANA riti með ásum 1 og 2 greinast TWINSPAN I, II og III allvel í sundur (6. mynd). Stöðvar úr hópi II mynda allþéttan hnapp með lága einkunn á 1. ási. Stöðvar úr hópi I eru nokkru dreifðari, og er svo í enn ríkara mæli þegar stöðvar úr hópi III eru kannaðar, og dreifast þær einkum mikið eftir 2. ási. Engin marktæk fylgni kemur í ljós þegar kannað er samband milli dýpis og einkunna á fyrstu 3 ása DECORANA greiningar. Dýpi virðist því ekki skipta máli við samanburð á tegundasamsetningu stöðva né virðist dýpi tengjast greiningu í TWINSPAN-hópa.

Í hópi I eru fimm stöðvar, sem dreifðar eru um ytri helming fjarðarins (7. mynd). Dýpi á þessum stöðvum er á bilinu 7 – 23 m. Botngerð á stöðvunum er lýst sem grjóti eða blöndi af grjóti eða möl og leðju (Viðauki A). Þari kom ekki í greip á þessum stöðvum, en á stöðvum C0 og D3 veiddi stjóri bátsins beltisþara (*Laminaria saccharina*). Sýnin eru tegundasnauð (tafla 14), og stafar það eflaust aðallega af því að greipin hefur unnið illa á botninum. Breytileikinn í tegundafjölda er mikill, 1 – 25 tegundir. Sýnin eru fremur sundurleit að tegundasamsetningu. Algengasta tegundin eða hópurinn utan smárra götunga (*Foraminifera*) og samlokukrabba (*Ostracoda*) er burstaormurinn *Scoloplos armiger*. Þessi ormur lifir í seti, en sumar tegundir (*Polyplacophora*, *Caprella septentrionalis*, *Hiatella arctica*) benda til grýtts undirlags eða þara.

Í hópi II lenda 13 stöðvar, sem eru flestar í innri hluta fjarðarins (7. mynd). Dýpið er á bilinu 4 – 30 m. Botngerð er lýst sem leðju á þeim flestum, stundum blandin sandi. Á einni stöð er botngerð lýst sem blöndu af grjóti og leðju og á einni sem möl (Viðauki

A). Sýnin eru að jafnaði tegundaauðug (tafla 15), þótt breytileikinn í tegundafjölda sé nokkur (1 – 43 tegundir). Meðalfjöldi einstaklinga í sýni er 371, sem samsvarar um 16.500 dýrum/m². Af stærri dýrum eru algengustu tegundir samlokurnar *Nuculana tenuis*, *Arctica islandica*, *Macoma calcarea* og *Mytilus edulis* og burstaormarnir *Chaetozone setosa*, *Scalibregma inflatum*, *Terebellides stroemi*, *Scoloplos armiger*, *Spio* sp., *Lanassa venusta*, *Pectinaria granulata*, *Sternaspis scutata*, *Praxilella praetermissa*, *Eteone longa* og *Cossura longocirra* og marflóin *Protomedenia fasciata*. Fjöldi annarra tegunda finnst.

Í hópi III lenda 11 stöðvar, sem eru bæði í innri og ytri hluta fjarðarins (7. mynd). Dýpið er á bilinu 2,5 – 37,5 m, en þó eru allar nema þrjár á 6,5 m dýpi eða grynnra. Botngerð á flestum stöðvum er lýst sem þara, stundum með grjóti eða möl, og er dýpsta stöð af þessu taginu á 6,5 m dýpi. Á tveimur stöðvum (dýpi 7 og 27,5 m) er botngerð lýst sem möl eða grjóti án þara, og lýsingu vantar á botni einnar stöðvar (dýpi 37,5 m)(Viðauki A). Sýnin eru tegundasnauð eins og við er að búast þar sem greipin vinnur illa á botninum (tafla 16). Algengasta tegundin, auk smárra krabbaflóa (Harpacticoida) og samlokukrabba (Ostracoda), er kræklingur (*Mytilus edulis*). Tegundasamsetningin bendir eindregið til þess að botninn sé grýttur og/eða vaxinn þara.

Í hóði IV er aðeins ein stöð, í firðinum miðjum (dýpi 13 m). Botngerð er lýst sem grjóti. Í sýninu var nánast ekkert, 3 tegundir.

3.4.2. Sleðasýni

Tegundasamsetning sleðasýna er sýnd í Viðauka C. Dýpi á stöðvum þar sem sleðasýni voru tekin var á bilinu –0,5 – 8,5 m. Botngerð er lýst sem grjóti, möl, þara, þara/grjóti eða þara/möl, en á einni stöð sem leðju (Viðauki A). Tvær stöðvanna, B0 og B9, flokkast í TWINSPLAN-hópi II byggt á greiparsýnum, sex stöðvar, B2, C7, C8, C9, D5 og F4, flokkast í TWINSPLAN-hópi III, en af tveimur stöðvum, A10 og F3, náðist ekki greiparsýni.

Við DECORANA-greiningu á log-umbreyttum gögnum (log 1+fjöldi/sýni) skýrir 1. ás 25% af breytileika í tegundasamsetningu, 2. ás 14 % til viðbótar, en 3. ás 4 %.

Samtals skýra því fyrstu 3 ásar 43% af breytileika sýnanna. Í DECORANA riti með ásum 1 og 2 skilur stöð B9 sig frá öðrum stöðvum (8. mynd). Er það eina stöðin þar sem botngerð er lýst sem leðju. Aðrar stöðvar dreifast lítið eftir 1. ási, en talsvert eftir 2. ási.

Að meðaltali greindust 35 tegundir (staðalskekkja 2,1) í sleðasýni. Áfánutegundir (tegundir, sem sitja ofan á botninum eða á þörungum) eru ríkjandi eins og eðlilegt er. Þó er nokkuð um ífánutegundir (tegundir sem grafa sig ofan í set) í sýnum af stöðvum B0 og B9, en jafnframt töluvert af áfánutegundum þar. Í sumum sýnum var mikið magn smárra sniga, einkum mærudoppu (*Skeneopsis planorbis*). Í töflu 17 er sýndur meðalfjöldi 25 algengustu tegunda úr sleðasýnunum. Há staðalskekkja sýnir að breytileiki milli sýnanna er að jafnaði mikill.

4. Ályktanir

4.1. Fuglalíf

Fuglalíf er mikið á fjörum Kolgrafafjarðar, og koma þar helst við sögu margæs og rauðbryestingur, svo og æðarfugl, sem ekki er jafn bundinn fjörunni. Margæs og rauðbryestingur eru umferðafarfuglar, sem staldra hér við í nokkrar vikur vor og haust á leið milli vetrarstöðva (aðallega á Bretlandseyjum) og varpstöðva á Grænlandi og Kanada. Á vorin fita þessir fuglar sig í fjörum hér áður en lagt er í flugið til varpstöðva, og er dvölin í hér á vorin eflaust afar þýðingarmikil fyrir þá.

Margæsir, sem hér fara um, eru af undirtegundinni *Branta bernicla hrota*. Þessi stofn dvelst aðallega á Írlandi að vetrarlagi. Samkvæmt nýlegum talningum (Arnthor Gardarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1996) má ætla að um 20.000 fuglar fari hér um á vorin, og er væntanlega um að ræða allar gæsir af undirtegundinni, sem hafa vetursetu á Írlandi. Ef miðað er við 20.000 gæsir benda talningar í Kolgrafafirði til þess að um 3% af stofninum að lágmarki (um 600 fuglar) nýti fjörur þar. Heildarfjöldi gæsa sem nýtir sér fjörur í firðinum einhvern tíma vors gæti þó verið mun hærri en 600, því þær virðast ekki mjög staðbundnar, en flakka töluvert til og frá. Í einni talningu um flóð sáust um 1000 margæsir í hvíld í Kolgrafafirði, hugsanlega um 5%

af stofninum. Aðilar, sem undirritað hafa Ramsar sáttmálann um votlendi, sem hafa alþjóðlega þýðingu hafa komið sér saman um að telja svæði hafa aðþjóðlega þýðingu ef 1% eða meira af stofni fugls heldur sig þar með reglubundnum hætti (sjá t.d. Salmon, Prys-Jones og Kirby 1988). Samkvæmt þessu verður Kolgrafafjörður að teljast hafa alþjóðlega þýðingu þegar litið er á margæsir.

Talningar benda til þess að stærð rauðbrystingsstofnsins, sem fer hér um, sé um 260.000 fuglar á vorin (Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1991). Flestir sáust rauðbrystingar í Kolgrafafirði 19. maí, um 1525 fuglar. Miðað við fyrri athuganir á nákvæmni talninga (sjá Agnar Ingólfsson 1990a) gæti hafa verið um 2000 fugla eða svo að ræða, hugsanlega um 0.8% af stofninum. Kolgrafafjörður er því nálægt því að hafa alþjóðlega þýðingu þegar litið er til rauðbrystinga.

Fæðusvæði fjörufugla á norðanverðu Snæfellsnesi í næsta nágrenni Kolgrafafjarðar hefur minnkað mjög verulega á undanförnum áratugum. Tekið var að mestu fyrir sjávarföll í innanverðum Hraunsfirði með brúargerð við Mjósund 1961 (Agnar Ingólfsson 1990b), en mjög víðáttumiklar fjörur voru innan við Mjósund fyrir vegagerð (Hreinn Bjarnason, munnlegar upplýsingar). Þá var ósnum á Lárvaðli að mestu lokað um 1970, en fyrir lokun komu þar mjög víðáttumiklar leirur upp um fjöru (Agnar Ingólfsson 1990b). Vegur var nýlega lagður yfir utanverðan Hraunsfjörð. Svo virðist sem þessi aðgerð hafi dregið nokkuð úr sjávarföllum innan vegar. Þar eru þó enn veruleg sjávarföll, og er óljóst hvort fjörur hafi minnkað að marki við þetta. Hins vegar sýnist ljóst að vegagerðin hafi haft í för með sér seinkun á tíma háföru innan vegar, og kynni þetta að lengja áttíma fjörufugla á svæðinu eithvað.

Miðað við athuganir á fuglum virðist vegarlagning yfir Kolgrafafjörð milli Kolgrafaodda og Hjarðarbólsodda með stuttri brú, þ.e. skertum vatnsskiptum, hæpin. Slík framkvæmd, sem drægi mjög úr sjávarföllum, hefði afar neikvæð áhrif á fjörufugla, og eru þá einkum margæs og rauðbrystingur höfð í huga. Framkvæmdin myndi einnig skerða fæðusvæði ýmisa annarra fugla, m.a. æðarfugla, sem gæti leitt til staðbundinnar fækunar þeirra. Vegurinn myndi að auki eyðileggja nokkurt fjörusvæði í Höpi, en sú eyðilegging væri sennilega að mestu bundin við vegarstæðið sjálft. Vegarlagning milli oddanna með það langri brú að vatnsskipti héldust óskert hefði hins vegar sennilega ekki mikil áhrif á líf og lífskilyrði í firðinum.

Vegarlagning skv. leið 1 hefði að sjálfsögðu í för með sér verulega röskun á landi, m.a. eyðileggja búsvæði fugla. Það svæði, sem leið 1 liggur um, virðist ekki sérstætt sem varpsvæði fugla. Allt eru þetta algengar fuglategundir, sem yrðu fyrir skerðingu búsvæðis, og þéttleiki þeirra á svæðinu er ekki meiri en gengur og gerist víða (sbr. Ævar Petersen 1998). Hins vegar má líta á hluta svæðisins, þ.e. kaflann frá Hjarðarbólsodda að Eiði (4600 – 7400 m), sem gott íslenskt dæmi um lítt raskað mó- og myrlendi við sjó með þeim varpfuglum sem slíku landi fylgir. Slíkur vegur myndi raska nokkru æðarvarpi á Kolgrafaoddanum sjálfum, en ekki víst að röskun á meginhluta æðarvarpsins yrði mikil af völdum vegarins. Hugsanlega mundi varpsvæði æðarfugla skerðast um 3%, ef miðað er við að á Kolgrafaodda séu um 30 hreiður af 1000 í löndum Kolgrafa og Berserkseyrar.

Vegarlagning yfir leiruna í botni fjarðarins (svokölluð leið 2) gæti skert talsvert fæðusvæði fjörufugla, einkum rauðbrystinga, sendlinga, tjalda og hugsanlega margæsa og æðarfugla. Með nægilega langri brú myndi skerðingin væntanlega einskorðast að mestu við vegarstæðið sjálft. Áhrif slíks vegar á varpsvæði fugla yrðu lítil.

Endurlagning núverandi vegar fyrir botn fjarðarins (svokölluð leið 3) myndi skerða nokkuð varpsvæði sandlóu (sem er mjög algengur varpfugl hérlandis), en að öðru leyti hafa lítil áhrif.

4.2. Fjörur

Lífríkar fjörur í Kolgrafafirði eru af þremur megingerðum, þangfjörur, grófar leirur og kræklingsleirur. Tegundasamsetning í þessum fjörum er að mörgu leyti svipuð og víða er í fjörum með sams konar undirlagi (t.d. Agnar Ingólfsson 1975, 1977, 1983, 1996b, svo og óbirt gögn). Lífríkið virðist talsvert fjölbreyttara en það var í fjörum Gilsfjarðar fyrir vegagerð þar (Agnar Ingólfsson 1989). Fjörur í næsta nágrenni Kolgrafafjarðar hafa lítið verið kannaðar, að fjörum í Hraunsfirði undanskildum (Árni Heimir Jónsson 1974). Þar eru mjög miklar leirur neðan við Mjósund og sýnast þær nokkru lífmeiri en í Kolgrafafirði, þótt samanburður sé ekki auðveldur (athuga ber að

rannsókn Árna Heimis var gerð áður en ný brú var gerð yfir Hraunsfjörð. Í Hraunsfirði er mikill kræklingur í fjörum líkt og í Kolgrafafirði. Það sem einkennir fjörur í Kolgrafafirði í samanburði við fjörur á öðrum könnuðum svæðum er mikil gróska grænþörungssins *Enteromorpha cf. intestinalis*, en svo virðist sem margæsir sæki mjög í þennan þörung sem fæðu. Engar sjaldgæfar tegundir fundust í fjörum Kolgrafafjarðar.

Vegur yfir Kolgrafafjörð milli Kolgrafaodda og Hjarðarbólssodda (leið 1) með stuttri brú, þ.e. skertum vatnsskiptum, sem tæki að mestu fyrir sjávarföll, myndi sennilega eyða nær öllu fjörulífi innan vegar. Ef selta héldist nokkurn veginn óskert við slíka framkvæmd má búast við að þari yrði víðast smásaman ríkjandi á því svæði sem nú fellur af, og sennilega yrði annað líf þá auðugt þar, þótt tegundasamsetning yrði með allt öðrum hætti en nú. Lækki selta umtalsvert við slíka vegagerð má búast við því, að flestar sjávarlífverur líði undir lok. Vegur yfir Kolgrafafjörð milli Kolgrafaodda og Hjarðarbólssodda með langri brú (fullum vatnsskiptum) þyrfti ekki að hafa áhrif á fjörulífi Kolgrafafirði, nema á vegarstæðinu sjálfu. Áhrifin yrðu þá umfangsmest í Hópi, en ekki verður séð að fjörulíf sé með sérstökum hætti þar.

Vegur yfir leiruna í botni fjarðarins (leið 2) færir yfir svæði með miklum kræklingi og töluverðu öðru lífi. Svæðin innan við veginn ættu þó að geta haldist nokkuð óskert með nægilega langri brú. Endurlagning núverandi vegar (leið 3) hefði lítil sem engin áhrif á fjörulíf.

4.3. Sjávarbotn

Sjávarbotn í Kolgafafirði er að talsverðum hluta hreinn eða lítt blandaður leðjubotn, einkum innri hluti hans. Þessi botn er lífaðugur. Tegundafölbreytni og magn er nokkuð sambærilegt og var í Gilsfirði miðjum fyrir þverun, þar sem leðjubotn er (Stöðvar B4, B5 og B6 í Gilsfirði) (Agnar Ingólfsson 1996a), en tegundasamsetning er með talsvert ólíkum hætti, þótt allmargar algengar tegundir hafi fundist á báðum svæðum. Tegundasamsetning á meira skylt við það sem er í Akureyrarpoll (Agnar Ingólfsson o. fl. 1972) og Hvalfirði (Kristín Aðalsteinsdóttir og Arnþór Garðarsson 1980). Á báðum þessum stöðum eru t.d. samlokurnar *Macoma calcarea*, *Yoldia*

hyperborea og *Thyasira flexuosa* áberandi eins og í Kolgrafafirði. Samlokan *Nuculana tenuis* var jafnframt ríkjandi tegund í Akureyrarpolli eins og í Kolgrafafirði. Auðvelt er þó einnig að benda á talsverðan mun samfélaganna á þessum stöðum. Tegundasamsetning á botni í Þorskafirði og Kollafirði er greinilega einnig um margt lík því sem er á mjúkum botni í Kolgrafafirði, þótt talsvert skorti á fullnægjandi upplýsingar frá þessum fjörðum (Agnar Ingólfsson 1976).

Með ströndum við vesturlandið í Kolgrafafirði innanveðum svo og víða í utanverðum firðinum er botninn meira eða minna grýttur og víða er greinilega talsverður þari (*Laminaria saccharina*). Greipin vinnur illa á slíkum botni, og eru greiparsýnin að vonum tegundasnauð. Sleðasýnin sýna hins vegar að mikið líf er á botni sem þessum í Kolgrafafirði. Mjög takmarkaðan samanburð við önnur svæði er unnt að gera. Sleði af þeirri gerð, sem notaður var hér hefur áður aðeins verið notaður í Gilsfirði (Agnar Ingólfsson 1996a). Nokkum skyldleika má sjá milli Gilsfjarðar og Kolgrafafjarðar, einkum þegar sleðasýni úr þaraskógi Gilsfjarðar (tekin fyrir þverun) er notuð til viðmiðunar. Af 25 algengustu tegundum eða hópum í sleðasýnum úr Kolgrafafirði eru a.m.k. 14 tegundar meðal 25 algengustu tegund í sleðasýnum úr þaraskóginum Gilsfjarðar. Tegundir eru þó að jafnaði færri í sýnum úr Gilsfirði .

Allar tegundir dýra, sem fundust á sjávarbotni í Kolgrafafirði hafa einnig fundist annars staðar hér við land, og ekki líklegt að nein þeirra sé verulega sjaldgæf. En hafa verður þó í huga að þekking á dýralífi sjávarbotns innfjarða hérlandis er enn afar brotakennnd.

Ekki virðist líklegt að vegur yfir Kolgrafafjörð milli Kolgrafaodda og Hjarðarbólssodda (leið 1) hefði veruleg áhrif á botndýralífi í Kolgrafafirði, nema því aðeins að skerðing á vatnsskiptum yrði svo mikil að selta lækkaði verulega, t.d. um meira en 5% eða svo (þ.e. færi niður fyrir 30 – 31 ppt eða svo). Yrði um verulega seltulækkun að ræða má búast við að tegundir líði undir lok, og því fleiri sem seltan yrði lægri.

5. Lokaorð

Frá sjónarmiði umhverfisverndar virðist augljóst að leið 1, vegur yfir Kolgrafafjörð milli Kolgrafaodda og Hjarðarbólsodda með stuttri brú, sé slæmur kostur. Slík framkvæmd gæti haft veruleg neikvæð áhrif á stofna margæsa og rauðbrystinga hérlandis, en áhrif á íslenska stofna annarra fugla yrðu trúleg fremur lítil.

Framkvæmdin gæti þó leitt til staðbundinnar fækunar nokkurra tegunda, t.d. æðarfugla, vegna skerðingar á fæðusvæðum. Jafnframt myndu eyðast lífmiklar fjörur innan vegrar og botnlíf gæti rýrnað verulega, ef skerðing á vatnsskiptum verður það mikil að leiði til verulegrar lækkunar á seltu. Slík framkvæmd myndi einnig ganga talsvert á lítt raskað mýr- og mólendi með talsverðu fuglalífi. Æðarvarp kynni að skerðast nokkuð.

Leið 1 með langri brú (óskertum vatnsskiptum) væri augljóslega mun betri kostur, þótt áhrif á varplendi fugla yrðu þau sömu.

Leið 2, sem lægi yfir leirurnar í Hlöðuvogi, myndi skerða nokkuð lífauðugar leirur, sem eru fæðusvæði allmargra fuglategunda. Með nægilega stórra brú ætti þessi skerðing að takmarkast að mestu við vegarstæðið sjálft þannig að stærsti hluti leirunnar yrði áfram nýtanlegur fyrir fugla. Áhrif þessarar leiðar á varpsvæði yrðu lítil.

Leið 3, að mestu endurlagning á núverandi vegini, hefði lítil áhrif á lífríkið.

6. Þakkir

Margir hafa unnið eða aðstoðað við þessar rannsóknir. Langstærstur er þáttur Magneu Karlsdóttur, sem lagt hefur gjörva hönda á flesta rannsóknarþætti. Við vettvangsvinnu hafa að auki unnið þau Haraldur Ingvarsson, Linda Wendel og Jón Baldur Sigurðsson, tvö þau síðarnefndu í sjáfboðavinnu. Í vinnustofu hefur María Björk Steinarsdóttir unnið nokkuð við greiningu sýna, og aðstoð Guðmundar Víðis Helgasonar við greininga orma hefur verið ómetanleg.

7. Heimildir

Agnar Ingólfsson. 1975. Lífríki fjörunnar. Rit Landverndar 4: 61-99.

